Þessi stutta samantekt fjallar um starfsferil dr. scient. h.c. Þorbjörns Sigurgeirssonar prófessors í eðlisfræði við Háskóla Íslands. Hann var einn merkasti vísindamaður Íslendinga og frumkvöðull um akademiskar rannsóknir í eðlisvísindum hérlendis. Samantektin byggir að mestu á minningargrein höfundar um Þorbjörn í Náttúrufræðingnum 1989, en bætt er við nokkrum atriðum auk myndefnis. Hún birtist á vef Raunvísindastofnunar Háskólans í júní 2007 í tilefni þess að þá eru liðin 90 ár frá fæðingu Þorbjörns.

Leó Kristjánsson

Þorbjörn Sigurgeirsson var fæddur að Orrastöðum í Torfalækjarhreppi, A.-Húnavatnssýslu hinn 19. júní 1917, elstur fimm bræðra. Foreldrar hans voru hjónin Sigurgeir bóndi Björnsson, Eysteinssonar, og Torfhildur Þorsteinsdóttir húsfreyja frá Mánaskál, Pétursonar. Er margt mætra dugnaðar- og afreksmanna meðal ættmenna Þorbjörns.

Starfslið stofnunar Kaupmannahafnarháskóla í kennilegri eðlisfræði, Niels Bohr-stofnunarinnar, 1941. Bohr sjálfur er sjötti frá vinstri í fremstu röðinni, Þorbjörn Sigurgeirsson er þriðji frá vinstri af þeim sem standa. Úr afmælisriti stofnunarinnar 1971.

1937-1956

Þorbjörn gekk í Menntaskólann á Akureyri og lauk þaðan stúdentsprófi úr stærðfræðideild 1937. Þar kenndi dr. Trausti Einarsson honum stærðfræði og eðlisfræði, og lágu leiðir þeirra saman síðar. Þorbjörn hélt síðan til Kaupmannahafnarháskóla til náms í eðlisfræði. Styrjöldin, og ekki síst hernám Þjóðverja vorið 1940, olli mikilli röskun á starfsemi háskólans, en Þorbjörn lauk magistersprófi þar 1943. Hann vann einnig á eðlisfræðideild skólans, sem var undir stjórn Nóbelsverðlaunahafans Niels Bohr, við rannsóknir á geislavirkni þar sem miklar framfarir voru að eiga sér stað. Seint á árinu 1943 komst Þorbjörn til Svíþjóðar á ævintýralegan hátt, og hélt þar áfram rannsóknum um hríð.

Vorið 1945 fór Þorbjörn til Bretlands og þaðan til Íslands og Bandaríkjanna. Mun hann upphaflega ætlað að kynna sér lífeðlisfræði vestan hafs og ritaði eina vísindagrein á því sviði (ásamt W. M. Stanley Nóbelsverðlaunahafa við Rockefeller-stofnunina í Princeton), en tók fljótlega til við athuganir á sviði geimgeisla. Birtust sumar niðurstöður þeirra rannsókna hans ásamt öðrum greinum í sérstöku hefti af tímaritinu Reviews of Modern Physics, og eru margir heimsfrægir eðlisfræðingar meðal höfunda. Á eintak af því hefti sem var í fórum Þorbjörns hafði

einn þeirra, J. A. Wheeler, skrifað: “To Thor – With pleasant memories of Princeton’s first cosmic ray experimentalist”. Segir þetta sína sögu um framlag Þorbjörns til þessa sviðs, þótt hann stæði þar stutt við.

Haustið 1947 kom Þorbjörn til Íslands og gerðist stundakennari við Háskóla Íslands og Menntaskólann í Reykjavík. Hann tók einnig fljótlega til við rannsóknir, m.a. á geislavirkni í bergi, þótt aðstaða til slíkra hluta væri harla ófullkomin. 1949 varð hann jafnframt framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, og vann að fjölbreytilegum verkefnum s.s. við athugun á þörungavinnslu í Breiðafirði, þyngdarsviðsmælingar í samvinnu við franskan leiðangur, og könnun á hitastigi í Geysi og Heklu. Hann hélt þó áfram rannsóknum sínum í kjarnvísindum með ársdvöl erlendis um 1952, þegar hann tók þátt í evrópsku samstarfsverkefni um þróun agnahraðla og lagði þar fram merkar hugmyndir. Hann fylgdist síðan alla tíð vel með í þeim málum, m.a. í tengslum við setu í stjórn norrænu eðlisfræðistofnunarinnar Nordita 1967-72.

Meðal merkra rannsókna sem Þorbjörn hóf á Rannsóknaráðs-árunum má telja mælingar hans á segulstefnu í bergi frá 1953 ásamt Trausta Einarssyni prófessor. Áttuðu þeir sig á því strax og þeir kynntust þeirri rannsóknaaðferð, hve mikilvæg hún gæti verið bæði hérlendis til kortlagningar jarðlaga, og við rannsóknir á jarðsegulsviðinu í alþjóðlegu samhengi. Í vísindaritum er enn verið að vitna í greinar þeirra á þessu sviði, m.a. í tengslum við þróun mælitækni og nýrra hugmynda sem síðar áttu nokkurn þátt í að landrekskenningin var endurvakin í breyttri mynd. 1964-65 átti Þorbjörn náið samstarf við stóran breskan leiðangur hingað til sýnasöfnunar vegna bergsegulmælinga, og var meðal aðstandenda þess leiðangurs þriðji Nóbelsverðlaunahafinn, P.M.S. Blackett. Bergsegulmælingum er enn haldið áfram við Raunvísindastofnun Háskólans.

Á árinu 1954 var átta íslenskum vísinda- og listamönnum boðið í kynnisferð til Sovétríkjanna. Er þessi mynd tekin í ferðinni, og konan er að líkindum þarlend. Frá vinstri: Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur, Guðni Jónsson sagnfræðiprófessor, Björn Sigurðsson læknir á Keldum, Þorbjörn Sigurgeirsson og Snorri Hjartarson skáld.

Eftir ráðstefnu í Genf 1955 á vegum Sameinuðu þjóðanna var mikill áhugi á friðsamlegri nýtingu kjarnorkunnar. Varð Þorbjörn formaður Kjarnfræðanefndar Íslands er hún var stofnuð árið eftir. Nefndin beitti sér fyrir margháttuðum athugunum þau átta ár sem hún starfaði. Má m.a. rekja starfsemi Ísótópastofu Landspítalans og Geislavarna ríkisins til þess, en einnig var til dæmis könnuð hagkvæmni á framleiðslu þungs vatns með hveraorku og ýmis hagnýting geislavirkra efna í rannsóknum fyrir atvinnuvegina.

1957-1966

Á alþjóða-jarðeðlisfræðiárinu 1957 hóf Þorbjörn Sigurgeirsson starfrækslu síritandi mælingastöðvar í Leirvogi nálægt Reykjavík, til rannsókna á breytingum jarðsegulsviðsins. Ísland er mikilvægur staður til þess, ekki síst vegna legu landsins á því svæði jarðar þar sem norðurljós eru einna algengust. Útheimti það mjög mikla vinnu að finna heppilegt land undir slíka stöð fjarri truflandi áhrifum, koma þar upp húsum og fíngerðum tækjakosti, og sjá til þess að hann virkaði eins og til var ætlast. Þorbjörn annaðist sjálfur um það, sem og um rekstur stöðvarinnar fyrstu fimm til sex árin.

T.v.: Segulmælingastöð Raunvísindastofnunar Háskólans (áður Eðlisfræðistofnunar). Myndin er úr kynningarriti um stofnunina 1986 og tekin veturinn áður. T.h.: Þorsteinn Sæmundsson les af mælitækjum í segulmælingastöðinni. Mynd úr kynningarbæklingi um stofnunina 1990.

Þorbjörn Sigurgeirsson varð prófessor við Verkfræðideild H.Í. 1957 og kom þar á fót Eðlisfræðistofnun Háskólans árið eftir. Hann hætti störfum fyrir Rannsóknaráð í árslok 1957, en starfaði það ár einnig fyrir Atvinnumálanefnd Ríkisins. Meðal fyrstu verkefna Eðlisfræðistofnunar voru mælingar á geislavirkum aðskotaefnum í umhverfinu, en af þeim höfðu menn þá áhyggjur vegna tilrauna með kjarnorkusprengjur í andrúmsloftinu. Tæki voru smíðuð til geislamælinga á þrívetni og fleiri efnum upp úr 1960, og þær mælingar jafnframt notaðar við grunnvatnsrannsóknir. Fljótlega var einnig settur upp massagreinir til mælinga á tvívetni í úrkomu og grunnvatni, og náðust merkar niðurstöður með honum. Nýr massagreinir kom til stofnunarinnar 1984, og hafa þær rannsóknir haldið áfram síðan. Sérstakri háloftadeild við stofnunina var komið á fót til að annast um segulmælingastöðina sem fyrr var getið og skyldar rannsóknir s.s. á norðurljósum, og starfar stöðin enn. Fjölþættar rannsóknir á eldvirkninni í Surtsey hóf Þorbjörn einnig strax í gosbyrjun 1963 og hélt þeim áfram öðru hvoru fram yfir 1970. Af þeim má nefna söfnun gastegunda úr kvikunni, segulsviðs- og jarðskjálftamælingar. Gerðar voru tilraunir 1967 til að kæla hraunið með sjódælingu. Æfði Þorbjörn sund í sjó og köfun í tengslum við þær rannsóknir.

Hús R.H. við Dunhaga 1986, skömmu áður en það var klætt að utan og nýtt þak sett á það.

Þorbjörn var mjög mikilvirkur í málefnum Háskóla Íslands og var deildarforseti 1959-61 og 1969-71, í seinna skiptið á tímum stúdentaóróa og umbyltinga í skólamálum. Þá var einnig verið að breyta Verkfræðideildinni í Verkfræði- og raunvísindadeild, lengja verkfræðinámið og byggja upp kennslu í raungreinum til B.S.-prófs. Hann kenndi mörg námskeið um sundurleitustu svið eðlisfræðinnar og fórst það vel úr hendi, enda var hann flestum fljótari að setja sig þar inn í ný atriði. Þorbjörn vann að því að starfssvið Eðlisfræðistofnunarinnar væri víkkað út til fleiri raungreina, sem leiddi til þess að Raunvísindastofnun Háskólans var komið á fót 1966. Hann var formaður byggingnefndar húss stofnunarinnar að Dunhaga 3 sem var tekið í notkun 1964-66, og sat í stjórn stofnunarinnar til 1975 sem forstöðumaður Eðlisfræðistofu. Þótti hann ómissandi í nefndum og öðru stjórnunarstarfi í háskólanum og víðar, vegna þess hve hann var tillögugóður, víðsýnn og laginn við að ná árangri. Meðal annarra trúnaðarstarfa Þorbjörns má nefna að hann sat í stjórn Vísindasjóðs 1957-67 og í stjórn raunvísindadeildar þess sjóðs 1978-81. Þorbjörn sat í stjórn Vísindafélags Íslendinga 1959-62, og var forseti þess félags 1971-74. Hann var einn fulltrúa Háskóla Íslands í Rannsóknaráði ríkisins um hríð eftir endurskipulagningu þess 1965, og sat í Verk- og tæknimenntunarnefnd um 1970.



T.v.: Róteinda-segulsviðsmælirinn Magni II, eintak sem lengi var notað við ýmsar rannsóknir á Orkustofnun og Raunvísindastofnun. Mælineminn var flaska af vatni (eða öðrum vetnisríkum vökva) með spólu og gúmmíhulsu utan um, borinn á langri stöng. Aflestur kom fram á fjórum "dekatron"- lömpum og litlum straummæli. Myndin er tekin um 1985.
T.h.: Segulsviðsmælirinn Flugmóði, með stóru 8 rása segulbandi í baksýn; ofan á því er rafeindaklukka sem smíðuð var á Raunvísindastofnun. Myndin er líklega tekin um 1970. Báðar birtust í Náttúrufræðingnum 1989.

Upp úr bergsegulmælingum sínum fékk Þorbjörn hug á að mæla segulsvið í djúpum borholum til könnunar jarðlaga, og smíðaði mjög nákvæmt tæki til þess um 1959. Notaði hann í það transistora, sem þá voru tiltölulega nýkomnir fram á sjónarsviðið. Segulmælingatækið sem hann kallaði Magna, var síðan notað lengi til mælinga á segulsviði jarðar, eitt eintak í stöðinni í Leirvogi (fram undir 1980), og annað við jarðhitaleit á vegum Orkustofnunar og fleiri verkefni. Úr rannsóknum Þorbjörns á bergsegulmagni spratt einnig áhugi á að mæla aldur gosbergs út frá geislavirkni tiltekinna efna í því. Setti hann 1962 fyrstur manna fram hugmyndir um nýtt afbrigði aðferðar til þess, og hafin var smíði mælitækja í þessu skyni við Eðlisfræðistofnunina. Tæknilegir örðugleikar komu í veg fyrir að árangur næðist þá, en aðferðin var þróuð síðar erlendis.

Þorbjörn hafði frétt af því 1963-64, að segulsviðsmælingar yfir úthafshryggjum gæfu athyglisverðar niðurstöður sem varpað gætu ljósi á tilurð hryggjakerfisins. Hóf hann slíkar mælingar með Magna yfir Reykjanesi og Surtsey úr þyrlu 1965. Birtist hluti niðurstaðna hans af

Reykjanesi í riti Vísindafélags Íslendinga 1967, þar sem hann kynnti einnig hvernig hinar nýju segulmælingar væru almennt að breyta skoðunum manna um eðli úthafssvæða.

1968-1988

Þorbjörn smíðaði síðan segulmælingatæki af alveg nýrri gerð, sem hlaut nafngiftina Móði og tók því eldra fram að ýmsu leyti. Meðal annars var mælingin samfelld í tíma en ekki á nokkurra sek. fresti eins og í Magna. Afbrigði af þessu tæki, Flugmóða, setti hann í málmhólk til að hengja neðan í flugvél. Notaði hann það, með síðari endurbótum, við skipulegar mælingar á segulsviði yfir mestöllu Íslandi er hófust vorið 1968. Þorbjörn hafði aflað sér flugréttinda og sá að miklu leyti sjálfur um að prófa tækið og fljúga með það. Margir íslenskir vísinda- og tæknimenn og stúdentar störfuðu með honum að þessu verkefni um lengri eða skemmri tíma, og fengu ýmsir þar sína fyrstu eldskírn í rannsóknastörfum. Lauk mælingunum 1980 og komu niðurstöður út 1970-85 á níu kortblöðum í kvarða 1:250,000 sem hafa gefið margháttaðar upplýsingar um jarðfræðilega byggingu og aldur landsins. Einnig voru gerðar þéttar mælingar yfir nokkrum svæðum m.a. fyrir Orkustofnun: yfir Hengli og Hellisheiði, Stardal í Mosfellssveit, jarðhitasvæðinu á Reykjanesi, og Reykjavíkur-Hvalfjarðarsvæðinu. Frá 1985 var unnið áfram á Raunvísindastofnun að framhaldi flugsegulmælinganna og útgáfu gagna úr þeim m.a. á tölvutæku formi þannig að þær nýttust fleirum og betur en áður. Önnur útgáfa Móðatækisins var þróuð til borholumælinga, og eitt eintak er enn (2007) í notkun í Leirvogi og gegnir þar lykilhlutverki. Hinsvegar rættust ekki vonir sem Þorbjörn hafði bundið við að setja tækið á alþjóðlegan markað.

Þorbjörn undirbýr segulmælingaflug 1969, Flugmóði sést liggjandi fyrir aftan hann. Síðar var segulmælirinn byggður inn í vængi flugvélarinnar.

Í tengslum við flugsegulmælingarnar smíðaði Þorbjörn nýjan búnað til sjálfvirkrar staðsetningar og stýringar á flugvélinni með hjálp merkja frá Loran C-stöðvum. Um 1973 kynntist hann tækni til staðsetningar með hjálp sendinga frá gervihnöttum, og var þesskonar tæki smíðað við Raunvísindastofnun undir hans stjórn. Nýttist það meðal annars til jöklarannsókna sem þá voru hafnar við stofnunina. Þær rannsóknir efldust brátt mjög, einkum í kjölfar hönnunar á íssjá sem studd var af Þorbirni. Allar þessar rannsóknir voru styrktar rausnarlega af vini Þorbjörns og stofnunarinnar, Eggert V. Briem; stóðu þeir einnig síðar að uppsetningu sendistöðvar á Grímsfjalli og borun þar. Eggert veitti stofnuninni fleiri styrki, m.a. 1971 til

tækjakaupa vegna rannsókna á Mössbauer-hrifum og aftur vegna rannsókna í þéttefnisfræði sem hafnar voru á Eðlisfræðistofu um 1975.



Hluti fyrsta segulkorts Þorbjörns í kvarða 1:250000, kortblaði 3 af Suðvesturlandi útg. 1970. Jákvæð frávik (anomalies) segulsviðs frá eðlilegu gildi þess eru teiknuð upp og til hægri frá fluglínunum.

Þorbjörn fylgdist eins og aðrir Íslendingar með framvindu Heimaeyjargossins 1973 af áhuga og gerði ýmsar vísindalegar athuganir á því. Hann lét ekki þar við sitja, heldur varð einnig fljótlega helsti talsmaður og skipuleggjandi þess að ráðist var til atlögu við hraunrennslið með sjódælingu. Var þar um mjög umfangsmiklar aðgerðir að ræða sem vöktu heimsathygli. Er álit þeirra sem best þekkja til, að þær hafi bægt frá miklum skemmdum á mannvirkjum í bænum. Eftir að gosinu lauk tók hann mjög virkan þátt í uppbyggingu hraunhitaveitu fyrir Vestmannaeyjabæ, sem vakti ekki síður athygli vegna brösuglegs gengis fyrri kostnaðarsamra tilrauna aðila í öðrum löndum til að vinna varmaorku úr heitu þurru bergi. Síðan yfirfærði hann reynsluna af hraunkælingunni aftur yfir á hið vísindalega svið, í ritsmíðum um kólnun hraunkviku undir vatni almennt.



Þorbjörn Sigurgeirsson. Mynd tekin af Sigurgeir Jónassyni í Vestmannaeyjum 1973, hér skönnuð úr boðsbréfi vegna afmælisrits Þorbjörns 1987.

Eftir 1975 dró Þorbjörn Sigurgeirsson sig smátt og smátt í hlé frá stjórnunarstörfum. Hann varð þó fyrsti formaður Eðlisfræðifélags Íslands 1977-79 og stýrði gerð umfangsmikillar skýrslu um rannsóknir í verkfræði og raunvísindum, sem út kom á vegum Rannsóknaráðs ríkisins 1981. Síðustu ár sín sem prófessor vann hann einkum að því að kanna hvernig vetniskjarnar í ýmsum vökvum verða fyrir seguláhrifum þegar vökvinn streymir nálægt yfirborði segulmagnaðra efna. Þorbjörn fékk lausn frá embætti sínu snemma árs 1984, en stuttu síðar varð hann fyrir alvarlegu hjartaáfalli. Hann náði sér þó allvel eftir það og kom oft í heimsókn á Raunvísindastofnun til þess að fylgjast með nýjungum í starfi stofnunarinnar og í fræðiritum. Var jafnan fengur að fá hann til skrafs um yfirstandandi verkefni, þar sem hann miðlaði óspart af reynslu sinni og þekkingu.

Við afhendingu fyrstu vélsleða Raunvísindastofnunar Háskólans 1979. Þá fékk hún að gjöf frá Vestur-Íslendingnum Eggert V. Briem (1895-1996). Frá vinstri: Magnús Már Magnússon, Helgi Björnsson, Sigurður Þórarinsson, Marteinn Sverrisson, Páll Theodórsson, Eggert, Þorbjörn Sigurgeirsson og Leó Kristjánsson (Mynd úr Jökli, 48. árg.).

Á sjötugsafmæli Þorbjörns 1987 heiðruðu samstarfsmenn hans hann með útgáfu mikillar bókar, "Í hlutarins eðli" í ritstjórn Þorsteins I. Sigfússonar. Þar eru greinar um ýmis rannsóknasvið í eðlis- og jarðeðlisfræði og þróun þeirra hérlendis, ásamt skrá yfir vísindalegar ritsmíðar Þorbjörns. Hann var sæmdur heiðursdoktorsnafnbót (dr. scient. h.c.) við Raunvísindadeild Háskóla Íslands árið áður, og margskonar önnur viðurkenning var honum veitt. Þar má fyrst nefna orðuna Officier de la Légion d'Honneur í nóv. 1965, síðan verðlaun úr minningarsjóði Ólafs Dan Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar 1968 og Stúdentastjörnu Stúdentafélags H.Í. sama ár, stórriddarakross Fálkaorðunnar haustið 1973 og verðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright það ár. Hann var kjörinn heiðursfélagi Eðlisfræðifélags Íslands 1987.

Þorbjörn var einstaklega heilsteyptur og traustur maður, sem mjög gott var að vinna með, og var jafnan mjög jákvæður og nærfærinn í umræðu um menn og málefni. Sjálfur var hann jafnvígur á margar greinar fræðilegrar eðlisfræði, tilraunaeðlisfræði, stærðfræði og rafeindatækni, en vissi að ekki voru allir svo fjölhæfir. Honum tókst fljótlega að sjá út þá eiginleika hvers og eins starfsmanns sem best gátu nýst í verkefnum stofnunarinnar, og studdi þá til dáða á því sviði. Hans eigin aðferðir við lausn fræðilegra verkefna, hvort heldur var í kennsluefni eða rannsóknum, voru nokkuð minnisstæðar að því leyti að hann hafði ekki alltaf mikinn áhuga á að vita hvort aðrir hefðu áður náð að leysa viðkomandi verkefni eða eitthvað áþekkt. Hann settist bara niður með skriffæri, byrjaði á þeim grundvallarlögmálum stærðfræði og eðlisfræði sem við áttu, og linnti ekki fyrr en lausn var fundin. Oftast var hún rétt.

Þorbjörn Sigurgeirsson var afar greiðvikinn og örlátur við samstarfsmenn og þá sem til hans leituðu af einhverju tilefni, svo sem stúdenta, uppfinningamenn, stjórnvöld, og erlenda vísindaleiðangra. Af slíkum leiðöngrum má sérstaklega nefna háloftarannsóknir franskra aðila, sem fram fóru á Mýrdalssandi 1964 og 1965 með eldflaugum, og kanadiskan leiðangur 1964 sem kannaði rafleiðni djúpt í jarðskorpunni undir landinu út frá segulsviðssveiflum (magneto-tellurics). Gjarna afhenti Þorbjörn öðrum árangur vinnu sinnar að vísindaverkefnum, lánaði tæki og aðstöðu o.fl., án þess að ætlast til að þess væri getið við skýrslugerð. Þótt starfið væri honum jafnan efst í huga og hann teldi ekki eftir sér að leggja nótt við dag þegar því var að skipta, átti hann einnig ýmis áhugamál sem hann vann að í frístundum. Bar þar að líkindum hæst skógrækt sem hann stofnaði til ásamt fjölskyldu sinni og öðrum skyldmennum.

Úr skoðunarferð starfsmanna Raunvísindastofnunar Háskólans í skógræktarreit Þorbjörns Sigurgeirssonar og ættmenna hans vestan Krísuvíkurvegar 1987. Frá vinstri: Rósa Karlsdóttir, Þorbjörn og Þorkell Helgason.

Eðlisfræðistarfsemi á Íslandi stendur í ævarandi þakkarskuld við Þorbjörn Sigurgeirsson. Fyrir tíð hans var því varla trúað að rannsóknir á þessu sviði ættu hér neinn vettvang sökum fámennis þjóðarinnar og annarra aðstæðna. En hann sýndi fram á að þær væru ekki aðeins mögulegar, heldur gætu þær bæði gert þjóðinni verulegt gagn og lagt markverðan skerf til alþjóðlegra vísinda. Yfir 200 manns alls hafa útskrifast með B.S. gráðu í eðlisfræði (að meðtalinni jarðeðlisfræði) frá H.Í. á árabilinu 1972-2007. Starfa margir þeirra hér við hagnýt eða akademisk rannsóknastörf, auk annarra á þeim sviðum sem numu fræðin erlendis. Framlag Þorbjörns styrkti einnig stöðu skyldra greina eins og jarð- og stjarnvísinda, stærðfræði, efnafræði og verkfræði, þótt þar hafi fleiri brautryðjendur komið við sögu. Auk kennslu sinnar og greina í vísindaritum kynnti hann óspart raunvísindaleg efni fyrir Íslendingum vítt og breitt, svo sem með blaða- og tímaritagreinum, viðtölum, fyrirlestrum fyrir almenning, og útvarpserindum.

Þorbjörn Sigurgeirsson kvæntist hinn 19. júní 1948 Þórdísi Þorvarðardóttur f. 1. júní 1919. Eignuðust þau fimm syni: Þorgeir f. 1949, Sigurgeir f. 1950, Jón Baldur f. 1955, Þorvarð Inga f. 1957 og Arinbjörn f. 1961. Þorbjörn lést í Reykjavík af völdum hjartabilunar hinn 24. mars 1988.